

Áfangalýsing

Titill: Kvikmyndaval

Námsgrein: Kvikmyndaval

Viðfangsefni: Kvikmyndir

Þrep: 2

Einingafjöldi: 2

Lýsing:

Í áfanganum verður farið yfir ýmsar kvikmyndir og atriði tengt kvikmyndum, t.d. kvikmyndasögu, þróun kvikmynda og menningarleg áhrif þeirra. Einnig verður farið yfir áhrifamikla einstaklinga í kvikmyndaheiminum, s.s. fræga leikstjóra, leikara og framleiðendur. Í áfanganum verður farið yfir kvikmyndir sem endurspeglar menningu, stjórnmál, sögu og málefni samtímans. Horft verður á valdar kvikmyndir með það að markmiði að greina listræna merkingu og sögulega þýðingu þeirra, efla gagnrýna hugsun og færni í kvikmyndarýni.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi og framþróun kvikmynda
- áhrifamiklum einstaklingum í kvikmyndaheiminum, t.d. leikstjórum, leikurum og framleiðendum
- hvernig kvikmyndir geta endurspeglar menningu, stjórnmál, sögu og málefni samtímans
- listrænni merkingu og sögulegri þýðingu valda kvikmynda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta aflað sér traustra og áreiðanlegra upplýsinga um viðfangsefni kvikmynda
- greint upplýsingar og sett í fræðilegt samhengi
- tjá þekkingu sína á munnlegan og skriflegan hátt
- vinna á sjálfstæðan og ábyrgan hátt undir leiðsögn
- nota gagnrýna hugsun til að fjalla um valdar kvikmyndir
- nýta margvíslega tækni í þekkingarleit, á ábyrgan og gagnrýnin hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast hæfni í að:

- taka þátt í umræðum þar sem hann getur tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær og hlustað á skoðanir annarra
- geta beitt öguðum vinnubrögð og borið ábyrgð á eigin námi
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- búa til og miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt
- miðlað þekkingu sinni og hugmyndum með stafrænum hætti
- túlka kvikmyndir og setja þær í menningarlegt samhengi
- skrifa kvikmyndarýni

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Til grundvallar matsins eru fjölbreytt verkefni úr ólíkum efnisþáttum.